

Alþingi
Erindi nr. P 130/480
komudagur 4.12.2003



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. nóvember, 2003.

Ég undirrituð hef lesið tillögu til þingsályktunar um bættu stöðu þolenda kynferðisafbrotá.

Ég er með athugasemd varðandi orðalag í greinargerð tillögunnar. Fram kemur í henni varðandi kynferðisafbrotamenn að “oftar en ekki er um mjög sjúka einstaklinga að ræða”. Ég tel varhugavert að nota orðið “sjúka” í þessu sambandi, þar sem ekkert virðist benda til þess að þeir séu sjúkir eða veikir. Hins vegar hafa rannsóknir sýnt að þeir hafa gjarnan afar takmarkaða samhyggð með öðrum og eiga erfitt með að setja sig í spor annarra. Jafnframt að þeir líta gjarnan á börn sem hluti (objects) fremur en manneskjur, til þess að uppfylla eigin þarfir. Ég er ekki að draga úr þörf fyrir meðferðarúræði handa kynferðisafbrotamönnum, heldur einungis að leggja til að notað verði annað orð en “sjúka” til að lýsa gerendum kynferðisofbeldis.

Virðingarfyllst,

Freydís Jóna Freyseinsdóttir
lektor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands